

Sálf3CB05

## Blekkingar hugans – hugsun og ákvarðanataka

**Forkröfur:** SÁLF2BB05 (Þroskasálfræði) eða SÁLF2BT05 (Lífeðlisleg sálfræði).

### Lýsing á efni áfangans:

Kynning á helstu hugtökum og kenningum sem snúa að hugrænni starfsemi og hegðun. Fjallað verður ítarlega um hugtök eins og ákvarðanatöku, venjur og hugrænar villur ásamt því að yfirfæra þau á daglegt líf. Nemendum verður gert grein fyrir þeim þáttum sem hafa áhrif á hugræna starfsemi, þá sérstaklega ákvarðanatöku, og þeim ferlum sem leiða að óskynsamlegum ákvörðunum og réttlætningum þeirra. Einnig verður sérstaklega farið í áhrif hins stafræna heims, þar á meðal tækni og samfélagsmiðla á hugræna starfsemi. Sérstök áhersla verður lögð á að efla gagnrýna hugsun nemenda með því að auka víðsýni og rökhugsun ásamt sjálfstæðum og öguðum vinnubrögðum.

### Nokkur lykilhugtök:

Rökhugsun, ákvarðanataka, verkefnalausn, dómgreind, venjur, hugrænar villur, samfélagsmiðlar, gagnrýnin hugsun, gervivísindi

### Námsmat:

Rannsóknarverkefni, tímaverkefni og tímapróf